

Gátlisti fyrir heilbrigðisstarfsfólk þegar grunur er um ofbeldi í nánu sambandi / heimilisofbeldi:

- Tala við þolendur í einrúmi
- Þarf þolandi túlk? Fá túlk sem er ekki tengdur þolanda, spyrja þolanda hvort hann noti sérstakan túlk. Nota túlkaþjónustu eða rafræna (*online*) túlkaþjónustu.
- Gera skjólstæðingum grein fyrir þagnarskyldu heilbrigðisstarfsfólks og hvaða takmörkunum hún er háð.
- Er þolandi, ef útlendingur, með skilríki? Hefur gerandi hótað þolanda á grunni þess að vekja ótta um frávísun frá landi.
- Fullvissa þolendur um að þeir séu öruggir hjá okkur. Tryggja að gerandi hafi ekki aðgang að þolanda á meðan skoðun stendur.
- Telja kjark í þolendur, hrósa þeim fyrir hugrekki að leita til okkar.
- Nota spurningar til að nálgast þolendur
- Meta alvarleika ofbeldis / er skjólstæðingur í mikilli hættu?
- Spyrja út í börn á heimili.
- Bjóða þolendum aðkomu lögreglu og réttargæslumanna.